

## Aðalfundur Nova Klúbbsins hf. 29. mars 2023

Stjórn Nova Klúbbsins hf. boðar til aðalfundar sem haldinn verður miðvikudaginn 29. mars 2023, klukkan 16:00, að Lágmúla 9, 108 Reykjavík, 4. hæð. Fundurinn verður einnig haldinn með rafrænum hætti og verða nánari upplýsingar um rafræna þátttöku hluthafa aðgengilegar á vef félagsins <https://www.nova.is/fjarfestar>

Tillaga stjórnar að dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári
2. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar
3. Tillaga stjórnar um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar
4. Kjör endurskoðenda
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins
6. Stjórnarkjör
7. Tillaga stjórnar um breytingu á starfsreglum tilnefningarnefndar
8. Kjör tilnefningarnefndarmanna
9. Tillaga stjórnar um þóknun til stjórnarmanna
10. Tillaga stjórnar um þóknun til nefndarmanna í endurskoðunarnefnd
11. Tillaga stjórnar um þóknun til nefndarmanna í starfskjaranefnd og tilnefningarnefnd
12. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum, sbr. 55. gr. hlutafélagalaga
13. Önnur mál löglega fram borin.

Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfundinn verður að finna á vef félagsins <https://www.nova.is/fjarfestar>. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja aðalfundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð til staðfestingar umboði sínu. Umboðum skal skila við skráningu á fundinn. Umboðseyðublöð má nálgast í skráningarferlinu við rafræna skráningu á fundinn og á vef félagsins.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, þurfa að skrá sig á [www.lumiconnect.com/meeting/nova2023](http://www.lumiconnect.com/meeting/nova2023) fyrir kl. 16:00 þann 28. mars, eða degi fyrir fundardag. Skráningu á fundinn þarf að fylgja afrit af skilríkjum og umboð, ef við á.

Hægt verður að greiða atkvæði á fundinum með rafrænum hætti og eru nánari upplýsingar um skráningu, rafræna þátttöku og rafræna atkvæðagreiðslu aðgengilegar á vef félagsins.

Hluthafar eiga rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundarins skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið

[fjarfestar@nova.is](mailto:fjarfestar@nova.is) eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16, sunnudaginn 19. mars 2023.

Í upphafi fundarins mun stjórn félagsins segja af sér til að tryggja að stjórnarkjör fari fram, enda verði ekki sjálfkjörið í stjórn félagsins. Auglýst er eftir framboðum til stjórnar og í tilnefningarnefnd félagsins.

Tilnefningarnefnd félagsins hefur lokið störfum og samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslu nefndarinnar gerir hún tillögu um að þau Hugh Short, Hrund Rudolfsdóttir, Jóhannes Þorsteinsson, Jón Óttar Birgisson og Sigríður Olgeirsdóttir verði kjörin til setu í stjórn félagsins. Skýrsla tilnefningarnefndar er meðfylgjandi fundarboði þessu og einnig aðgengileg á vef félagsins.

Tilkynna skal um framboð til stjórnar með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir upphaf aðalfundar, eða fyrir kl. 16, föstudaginn 24. mars 2023. Framboðum skal skila á skrifstofu Nova að Lágmúla 9, Reykjavík, eða á netfangið [fjarfestar@nova.is](mailto:fjarfestar@nova.is). Framboðum til tilnefningarnefndar skal skilað með sama hætti innan sama frests. Framboðseyðublöð má nálagast á vef félagsins.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar og í tilnefningarnefnd verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Hluthafar eiga rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við stjórnarkjör í einn sólarhring frá því að stjórn kunngerir niðurstöður framboða til stjórnar, enda sé ekki sjálfkjörið.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á fundardegi.

Reykjavík, 6. mars 2023,

Stjórn Nova Klúbbsins hf.